

Afnám refsíákvæða um ærumeiðingar í íslenskum rétti

Inngangur

Skýrsla þessi mælir fyrir um endurskoðun XXV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, nánar tiltekið um afnám refsíákvæða vegna ærumeiðinga.

Aðdragandann má rekja til þingsályktunar Alþingis frá 16. júní 2010 þar sem samþykkt var að Ísland skapaði sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis.¹ Í þingsályktuninni var m.a. ályktað að leitað yrði leiða til að styrkja tjáningarfrelsi, málfrelsi, upplýsingamiðlun og útgáfufrelsi auk þess sem vernd heimildarmanna og afhjúpenda yrði tryggð. Í greinargerð sem fylgdi þingsályktunartillögunni er áréttað það mat flutningsmanna tillögunnar um kælingaráhrif meiðyrðalöggjafarinnar hér á landi og nauðsynlegt sé að gera lagabreytingar til að hrinda efni þingsályktunartillögunnar í framkvæmd.² Slíkar breytingar mundu treysta stóðir lýðræðis, verða hvati til nauðsynlegra umbóta héraðs og auka gagnsæi og aðhald. Fjölmíðlar og samskiptamiðlar eru fyrirferðarmiklir í okkar samfélagi og gegna mikilvægu hlutverki þegar kemur að því að efla lýðræði og styrkja stöðu almennings að veita valdhöfum á hverjum tíma nauðsynlegt aðhald. Verkefnið skapar því tækifæri til þess að auka réttarvernd fjölmíðla hér á landi svo að þeir geti betur sinnt hlutverki sínu í lýðræðisþjóðfélagi.

Í lýðræðisþjóðfélagi hefur það grundvallarþýðingu að stjórnvöld skuli standa vörð um rétt bæði einstaklinga og hópa til að tjá skoðanir sínar. Refsingar vegna ærumeiðinga eru misnotaðar víða um heim af valdhöfum, m.a. til að þagga niður umræðu af pólitískum toga. Umræða um tjáningarfrelsi er oft sett í samhengi við það sem birtist í fjölmíðlum. Hins vegar er mikilvægt að hugsa tjáningarfrelsið út frá víðara samhengi þ.e.a.s. rétt okkar til þess að taka þátt og tjá sig í samfélagslegri umræðu á ólíkum vettvangi. Í kjölfar framþróunar á sviði upplýsingatækni er vettvangurinn orðinn víðari, t.d. með tilkomu samfélagsmiðla og stafræn miðlun hefur þróast hratt.

Alþingi fól mennta- og menningarmálaráðherra að fylgja þingsályktunni eftir og að upplýsa Alþingi um framgang þess. Ráðherra skipaði í kjölfarið stýrihóp til að hafa forsögn um að leiða vinnu ráðuneytisins við greiningu og úttekt á lagaumhverfinu hér á landi og erlendis með tilliti til efnis þingsályktunarinnar og eftir atvikum undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar eða nýja löggjöf með hliðsjón af þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands.

1. Álit refsiréttarnefndar innanríkisráðuneytis.

Eitt af fyrstu verkum stýrihópsins var að kanna hvort rétt væri að hefja vinnu við endurskoðun XXV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og ákvæði 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993. Þann 28. júní 2012 óskaði stýrihópurinn eftir áli refsiréttarnefndar innanríkisráðuneytis á því hvort afnema skuli refsingar vegna ærumeiðinga í XXV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 40/1940, og jafnframt hvort rétt sé að réttarúrræði vegna ærumeiðinga verði alfarið færð af sviði refsiréttar yfir á svið einkaréttar, eftir atvikum með nánari útfærslu á 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993.

Stýrihópurinn telur að þessi breyting muni breyta ásýnd meiðyrðamála hér á landi með því að þau hverfi úr hegningarlagaumhverfi yfir í einkamálaumhverfi og það sé ákveðin viðhorfsbreyting og mikilvægt fordæmi í alþjóðasamfélaginu. Hvatann að þessu má t.d. rekja til

¹ Þingsályktun um að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi tjáningar- og upplýsingafrelsi. Þskj. 1392, 383. mál. Aðgengilegt á vefslóðinni: <http://www.althingi.is/altext/138/s/1392.html>

² Tillaga til þingsályktunar um að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi tjáningar- og upplýsingafrelsis. Þskj. 688, 383. mál. Aðgengilegt á vefslóðinni: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0688.html>

Þess að ákvæði XXV. kafla hegningarlagna hafa staðið nánast óbreytt frá því að þau voru sett árið 1940 þó að gerðar hafa verið miklar umbætur á sviði mannréttinda síðan þá. Í ljósi framangreinds hefur spröttið upp umræða um hvort efnisatriði XXV. kafla hegningarlagna fái staðist nýrri viðhorf til mannréttinda m.a. með hliðsjón af 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Aukinheldur ber að nefna breytt viðhorf í dómum Hæstaréttar Íslands og má það ekki síst rekja til áhrifa frá dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu. Þó svo að Mannréttindadómstóllinn hafi ekki lýst því yfir að refsíákvæði vegna ærumeiðinga séu sem slík ósamrýmanleg ákvæðum Mannréttindasáttmálanum, þá virðist dómstóllinn í auknu mæli gagnrýna notkun refsinga sem úrræðis á þessu sviði. Þá hefur á vettvangi Evrópuráðsins verið lögð rík áhersla á að aðildarríkin stuðli að afnámi refsingar vegna ærumeiðinga.

Þann 12. nóvember 2012 barst stýrihópnum formlegt álit refsiréttarnefndar innanríkisráðuneytis. Niðurstaða nefndarinnar er m.a. sú að til greina komi að afnema refsíákvæði 234.-237. gr. almennra hegningarlagna um ærumeiðingar, að hluta eða öllu leyti. Það hafi ekki áhrif á niðurstöðu nefndarinnar þótt tiltölulega stutt sé síðan að Hæstiréttur Íslands dæmdi mann til refsingar fyrir ærumeiðingar, sbr. dóm í máli nr. 424/2009 frá 11. febrúar 2010. Þessar breytingar hefðu það í för með sér að einstaklingar gætu ekki gert refsikröfu í einkamáli sem höfðað væri vegna ærumeiðinga. Nefndin leggur þó áherslu á að að tryggja yrði að þeir sem telja vegið að æru sinni og mannorði á opinberum vettvangi njóti fullnægjandi réttarúrræða, einkum í formi ómerkingar ummæla og greiðslu miskabóta.

Refsiréttarnefnd leggur m.a. áherslu á eftirfarandi í álitu sínu til stýrihópsins:

- Þær grundvallarreglur sem leiða af 71. gr. og 73. gr. stjórnarskrárinnar og 8. og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu verði hafðar leiðarljósi við endurskoðunina.
- Refsiréttarnefnd telur að lagarök standi til þess að réttarúrræði á hinu einkaréttarlega sviði dugi til raunhæfrar og virkrar lagaverndar fyrir æru manna.
- Gildandi réttarúrræði dönskum, norskum og sænskum rétti hafi ekki afgerandi þýðingu við mat á því hvort forsendur að afnema refsíabyrgð vegna ærumeiðinga.
- Leggja þurfi mat á endurskoðun ákvæða um ærumeiðingar á sjálfstæðum forsendum og með hliðsjón af innlendum aðstæðum.
- Gera verði greinamun á 234.-237. gr. alm. hgl. og þeirra sem verða höfðuð með opinberri ákæru, þ.e. 233. gr. a og b og þeirra ærumeiðinga sem berast að opinberum starfsmanni.
- Dómar Hæstaréttar frá miðju ári 1995 þykja sýna að refsingar vegna ærumeiðinga, sem varða við 234.-237. gr. alm. hgl. þar sem einstaklingur á sókn sakar, hafi ekki verið taldar nauðsynlegt úrræði heldur hafi vægari úrræði verið talin nægjanleg.
- Er það álit refsiréttarnefndar að til greina komi að afnema refsíákvæði 234-237. gr. alm. hgl. um ærumeiðingar, að hluta eða að öllu leyti.

2. Ærumeiðingar færðar yfir á svið einkaréttar:

Líkt og að framan greinir þá var það álit refsiréttarnefndar að það komi vel til greina að færa ærumeiðingar úr umhverfi hegningarlagna yfir í einkaréttarlegt umhverfi. Stýrihópurinn þarf hins vegar að vega og meta kosti og galla á færum leiðum og gera grein fyrir þeirri meginútfærslu sem lögð verði til við endurskoðun XXV. kafla almennra hegningarlagna. Ákvæðin sem um ræðir mæla berum orðum fyrir um það að hægt sé að varpa einstaklingum í fangelsi fyrir ærumeiðingar. Samkvæmt þessu getur einföld móðgun varðað allt að eins árs fangelsi, sbr. 234. gr. almennra hegningarlagna og sé um aðdróttun að ræða getur slíkt brot varðað tveggja ára fangelsi, sbr. 236. sömu laga. Í þessu sambandi má jafnframt færa fyrir því rök að leggja refsingu við einföldum

móðgunum sé hugsanlega andstætt stjórnarskránni og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.³ Þá má einnig velta því fyrir sér hvort fyrirkomulag 237. gr. almennra hegningarlaga, þ.e. að lýsa meiðandi ummæli refsiverð þótt sönnuð séu, fái ekki staðist nútímaviðhorfum á sviði mannréttinda. Kjarni málsins er að við þessum brotum eiga ekki að liggja refsingar til grundvallar.

Þessi ákvæði þarf að endurskoða og það er hins vegar útfærsluatriði hvernig það skuli gert. Að mati stýrihópsins er engin krafa í íslenskum rétti um að hafa ákvæði um ærumeiðingar í hegningarlögum. Líkt og nánar verður rakið hér að neðan er lagt til að endurskoðuðum ákvæðum XXV. kafla almennra hegningarlaga verði skipað í skaðabótalög eða önnur lög á sviði einkaréttar, þannig að ærumeiðingum verði mætt með skaðabótum eða öðrum einkaréttarlegum úrræðum. Þá má nefna að lögmenn hafa t.d. verið að færa þessi mál í auknum mæli yfir á svið skaðabótaréttar. Það komi því vel til greina að útfæra ákvæði laganna í skaðabótalögum. Þess má geta að miskabótaregla skaðabótalaga var áður í hegningarlögum áður en hún var færð yfir á svið skaðabótaréttar.

Mögulegar leiðir:

Leið 1: Óbreytt ástand
Leið 2: Réttarúrræði vegna ærumeiðinga verði alfarið færð af sviði refsiréttar yfir á svið einkaréttar, eftir atvikum með nánari útfærslu á 26. gr. skaðabótalaga, nr. 97/1995.
Leið 3: Óbreytt fyrirkomulag en breyta efni ærumeiðingaákvæðanna og hafa þau skýrari og tengja betur við aðferðafræði Mannréttindadómstóls Evrópu.

3. Viðhorf dómstóla hér á landi.

Það er verðugt umhugsunarefni hvaða rök standa með því að meiðyrðalöggjöf sé staðsett í refsilagaumhverfi hér á landi líkt og að framan greinir. Þó svo að slíkt standist illa nútímaviðhorfum á sviði mannréttinda þá er spurning hvort hafi séð tilefni til að beita ákvæðum XXV. almennra hegningarlaga að fullu, þ.e. þar til að löggjafinn sjái tilefni til þess að breyta núgildandi ákvæðum. Það er svo álitamál hvort æra manna sé nægilega tryggð í einkaréttarlegu umhverfi og hvort það sé nauðsynlegt fyrir dómstóla að grípa til refsingar í einstaka tilvikum. Dómar Hæstaréttar sýna ekki fram á það en þetta þarf stýrihópurinn að skoða nánar.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 383/2012 var tekist á um mörk tjáningarfrelsis og æruverndar, en bæði þessi mannréttindi njóta verndar ákvæða í stjórnarskránni. Í 73. gr. er mælt fyrir um að allir séu frjálsir skoðana sinna og sannfæringar. Hver maður eigi rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en hann verði að ábyrgjast þær fyrir dómi. Þá segir í 3. mgr. greinarinnar að tjáningarfrelsi megi aðeins setja skorður með lögum, í þágu allsherjarreglu, öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs, enda teljist þær skorður nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. Í dóminum er jafnframt nánar fjallað um að viðurkennt hefur verið

³ Tillaga til þingsályktunar um að afnám refsíákvæða vegna ærumeiðinga. 133. löggjafarþing (2006-2007). Þskj. 307, 294. mál. Aðgengilegt á vefslóðinni: <http://www.althingi.is/alttext/133/s/0307.html> Í þingsályktunartillögunni segir nánar um heimild til refsingar samkvæmt öðrum greinum XXV. kafla almennra hegningarlaga: „Ekki verður heldur annað séð en það fyrirkomulag sem kveðið er á um í 234. og 235. gr., að refsa fyrir útbreiðslu ummæla sem sjálfstætt brot, lagt að jöfnu við frummeiðinguna, brjóti gegn dómafrankvæmt Mannréttindadómstóls Evrópu. Um þetta má m.a. vísa til máls Þorgeirs Þorgeirssonar gegn Íslandi frá 25. júní 1992, þar var lögð áhersla á það í áfellsdómi yfir ríkinu að Þorgeir hefði í raunverið að skýra frá því sem aðrir sögðu um ofbeldi af hálfu lögreglu.“

að þeir sem taka þátt í opinberri umræðu um þjóðfélagsleg málefni og hefur almanna þýðingu geta vænst þess að tjáningarfrelsi þeirra verði síður skert en ella væri. Að sama skapi hefur verið litið svo á að þeir sem eru í hringiðu stjórn málaátaka eða umsvifamiklir og áberandi í viðskiptum geti þurft að sæta meiri skerðingu á æruvernd sinni en aðrir. Samkvæmt niðurstöðu dómsins er komist að þeirri niðurstöðu að bók áfrýjanda sé framlag til opinberrar umræðu um málefni sem telst mikilvægt að fram fari í Lýðræðisþjóðfélagi. Stefndi í málinu tók þátt í hinni opinberu umræðu, hann var einn helsti fyrirvarsmaður eins stærsta fyrirtækis landsins um skeið og átti ásamt viðskiptafélögum sínum ráðandi hlut í nokkrum öðrum stórum fyrirtækjum.

Þess má geta að í álitni refsiréttarnefndar innanríkisráðuneytis er að finna samantekt um þá dóma Hæstaréttar Íslands sem fjalla um ærumeiðingar og kveðnir hafa verið upp frá 5. júlí 1995, þ.e. frá því að breytingar á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar tóku gildi, sbr. stjórnskipunarlög nr. 97/1995, og frá því að álitnið var birt þann 12. nóvember 2012. Samkvæmt yfirlitinu kemur í ljós að í 21 af 36 málum hefur sá, sem taldi að sér hefði verið brotið með ærumeiðandi ummæli, krafist þess að ummælin yrðu ómerkt og að sá sem bæri ábyrgð á þeim yrði gert að greiða miskabætur. Í þessum málum var ekki gerð krafa um að viðkomandi yrði jafnframt gert að sæta refsingu. Í álitinu kemur fram að í þeim 15 málum, þar sem krafist var refsingar, féllst Hæstiréttur í einu tilviki á það að dæma mann til refsingar fyrir ummæli sín, sbr. dóm Hæstaréttar frá 11. febrúar 2010 í máli nr. 424/2009. Með dóminum var X sakfelldur fyrir ærumeiðingar skv. 235. gr. almennra hegningarlaga í garð starfsmanns barnaverndarnefndar Reykjavíkur og var honum gert að greiða 100.000 kr. sekt í ríkissjóð. Málið var höfðað af hálfu ákærvaldsins í samræmi við ákvæði 1. tölul. og c-lið 2. tölul. 242. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar verður ekki séð á framangreindu tímabili að Hæstiréttur hafi fallist á það í einkarefsimáli, sbr. 3. tölul. 242. gr. sömu laga, þar sem einstaklingur á sókn sakar.

Í þessu sambandi er hins vegar rétt að nefna nýlegan dóm Héraðsdóms Austurlands sem kveðinn var upp þann 1. október 2013 þar sem ummæli sem stefnda, Ingibjörg Lilja Hafliðadóttir, lét falla um stefnenda, Egil Einarsson, á Facebook og voru dæmd ómerk. Stefnda þurfti auk þes að greiða stefnanda 100 þúsund krónur í miskabætur, 30 þúsund krónur í sekt til ríkissjóðs frá uppsögu dómsins, en sæti ella fjögurra daga fangelsi og 800 þúsund krónur í málskostnað. Ummælin voru viðhöfð í kjölfar þess að stefnandi kom fram í viðtali í Monitor var stofnuð Facebook-síða. Ummælin voru „mögulega stelpunar [sic] sem gillz nauðgaði, biðjast afsökunar að dreifa blaði þar sem nauðgari þinn er að segja að þú sért að ljúga út um allan skólann þinn.“ Stefndi hafði krafist greiðslu upp á 150 þúsund krónur til að kosta birtingu forsenda og niðurstöðu dóms í málinu í einu dagblaði en dómurinn féllst ekki á þá kröfu.⁴

Hér um að ræða tvö athyglisverð mál þar sem hingað til hefur verið haldið fram að heimild til refsingar vegna ærumeiðinga skv. XXV. kafla almennra hegningarlaga hafi ekki verið beitt í mörg ár og þar leiðandi í raun ekki virkt úrræði. Eiður Smára dómurinn. Héraðsdómur krafði DV um að greiða sekt í ríkissjóð og annars hefði þeir þurft að setja inni í 15 daga í fangelsi.

4. Rannsóknarhagsmunir?

Í tengslum við rannsóknarhagsmunina þá er mikilvægt að hafa í huga að ef ákvæðin verða færð yfir í einkaréttarlegt umhverfi þá er mögulega vegið að því ekki verður lengur ekki hægt að leita til lögreglu, t.d. til þess að finna viðkomandi IP tölu í tengslum við ærumeiðandi ummæli á netinu.

⁴ Dómur héraðsdóms Austurlands þriðjudaginn 1. október 2013 í máli nr. E-5/2013. Aðgengilegt á vefslóðinni:
<http://www.domstolar.is/domaleit/nanar/?ID=E201300005&Domur=5&type=1&Serial=1&Words=>

Hins vegar má geta þess að slíkum tilvikum væri hægt að líta svo á að um ógnunarbrot sé um að ræða og því enn mögulegt að leita lögreglu í sambærilegum tilvikum.

5. Kostnaður? Núgildandi reglur fela ekki í sér greiðslur réttargjalda í einkarefsilegu máli.

Í einkarefsimáli á einstaklingur sókn sakar og í meiðyrðamáli er slíkt mögulegt, sbr. 3. tölul. 242. gr. almennra hegningarlaga. Við slíka málshöfðun sleppa málshefjendur við að greiða þingfestingargjöld. Mörg dæmi eru um að stefnendur í meiðyrðamálum geri refsikröfur í máli sínu til þess eins að fá þingfestingargjöld felld niður. Um er að ræða talsverðar fjárhæðir þar sem í venjulegu einkamáli geta þingfestingargjöldin numið allt að 20% af heildarkostnaði þess að sækja mál fyrir dómi.

Eitt af því sem stýrihópurinn þarf að taka afstöðu til er að af hverju ættu meiðyrðamál að standa frammar en önnur mál sem varða brot af öðru meiði og málshefjandi í meiðyrðamáli sloppið við greiðslu þingfestingargjalda.

- Framangreint þarf að skoða með hliðsjón af gjafsóknar/varnarreglum íslensks réttarfars?
- Þá þarf að skoða lög um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991 (fella niður réttargjöld).
- Gjafsóknarnefnd hefur með mörg mál tengd æruvernd.

6. Bætur vegna ærumeiðandi ummæla?

Þau réttindi sem geta skarast við tjáningarfrelsi, til að mynda æra manna, njóta einnig verndar að einkarétti. Líkt og að framan greinir þá er það afstaða stýrihópsins að refsíákvæði vegna ærumeiðinga sé í reynd ósamrýmanlegt nútímaviðhorfum á sviði mannréttinda og lagt til að ekki verði lengur unnt að dæma menn til refsingar fyrir tjáningu skoðana sinna. Í því samhengi er mikilvægt að leitað verði leiða, að í íslenskum rétti sé í boði viðeigandi réttarræði fyrir aðila sem telur að sér vegið og geti því í slíkum tilvikum höfðað einkamál og krafist bóta eftir atvikum.

miskabótaákvæði 26. gr. skaðabótalaga?

- Á fella brott bætur til þess að standast kostnað af birtingu dóms?

7. Ómerking ummæla.

- Á það enn rétt á sér?
- Á að fella slík ákvæði á brott?
- Stefnur í meiðyrðamálum eru oft settar fram í fjölmörgum liðum í þeirri von að einhver haldi. Jafnvel þó að stefnt sé til ómerkingar 15-20 ummæla getur niðurstaðan falið í sér mikinn kostnað fyrir blaðamanninn og/eða fjölmiðilinn þó að aðeins lítið brot eða jafnvel aðeins hluti úr einum eða tveimur ummælum teljist fela í sér ærumeiðingu.

Dæmi eru um að Hæstiréttur hefur komist að þeirri niðurstöðu að dæma ómerkingu ummæla við lítil tilefni og oft liggur engin rökstuðningur að baki. Það er spurning hvort líta megi svo á að þegar er verið að dæma ómerkingu að í raun sé að vera dæma ærumeiðingu.

Spurning um þetta um ómerkingu – hvað maður gerir með það. Eiríkur er á því máli að það sé ekkert sérstaklega nauðsynlegt.

Ómerking er hins vegar mjög hentugt úrræði þar sem það er minnsta inngríp. Hins vegar mjög sérstakt úrræði.

Getur alveg haldið sér en er ekki eitthvað sem Mannréttindadómstóllinn er að kalla eftir. Álitamál hvernig þetta verður útfært.

Útfærslu atriði að hafa það með eða ekki. Mjög praktískt úrræði.

8. Synjun um áfrýjun til Hæstaréttar í meiðyrðamálum.

Á að mæla fyrir um í lögum að Hæstiréttur rökstyðji ávallt niðurstöður sínar um synjun áfrýjunar í meiðyrðamálum?

Áfrýjunarleyfi – 700.000 kr. hámark

Oft liggur engin rökstuðningur að baki synjun um áfrýjunarleyfi sem skýtur stökku við að tjáningarfrelsi er eitt af mikilvægustu grundvallarréttindum í lýðræðisþjóðfélagi.

9. Er æra manna vernd nægilega tryggð með reglum um friðhelgi einkalífs?

Þrátt fyrir jákvæð áhrif verndar tjáningarfrelsis getur óheft tjáningarfrelsi, án ábyrgðar, haft neikvæðar afleiðingar í för með sér. Séu tjáningarfrelsinu ekki settar vissar skorður geta afleiðingar þess verið neikvæðar umfram þau réttindi sem frelsinu er ætlað að vernda. Rétturinn til tjáningarfrelsis er því ekki takmarkalaus og getur rekist á við önnur stjórnarskrárvarin réttindi og sætir þar af leiðandi ákveðnum takmörkunum sem löggjafinn telur bæði nauðsynlegar og málefnalegar í þágu almannahagsmuna. Varðandi þessi mörk tjáningarfrelsis hafa skapast mörg álitaefni. Ákvæði um ærumeiðingar eru sérstakt tilbrigði í lögum og eru ólík ákvæðum laga um friðhelgi einalífs. Með endurskoðuninni er með engum hætti verið að leggja til að vernd ærunnar verði aflögð. Þar af leiðandi þarf að tryggja raunveruleg réttarúrræði séu til staðar og markmið endurskoðunarinnar skerða réttindi hvað þetta varðar, annars væri um brot á stjórnarskrá að ræða.

Í 71. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um vernd friðhelgi einkalífs manna og fellur æra og mannorð undir hugtakið einkalíf í þeirri grein. Í samræmi við efni 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar hafa verið lögfest ákvæði í XXV. kafla almennra hegningarlaga um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs, sem fela í sér takmarkanir á því tjáningarfrelsi, sem greinin ella kveður á um. Í XXV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1944, er einkalífi veitt sérstök réttarvernd. Hvar liggja þessi mörk er mikil jafnvægiskúnt.

- Mál Ásbjörns Morthens gegn 365 Prentmiðlum ehf. og Garðari Úlfarssyni er gott dæmi um slíka jafnvægiskúnt. Í málinu var komist að þeirri niðurstöðu að friðhelgi einkalífs Bubba yrði að setja tjáningarfrelsi prentmiðilsins í skorður og var miðillinn dæmdur til að greiða Bubba miskabætur vegna óheimilar birtingar mynda sem teknar höfðu verið án samþykkis eða vitundar hans. Málavextir voru þeir að Bubbi var í bíl sínum á rauðu ljósi og var með sígarettu í munni, að tala í síma. Ljósmyndari tímaritsins Hér og nú tók myndir af honum og í tölublaði sem út kom 16. júní 2005 var birt mynd af Bubba á forsíðu og vísað í umfjöllun innan í blaðinu með fyrirsögninni „Bubbi fallinn“.

Í niðurstöðu Hæstaréttar má sjá enduróm dómaframkvæmdar Mannréttindadómstóls Evrópu, þ.e. að birtinganna hafi einungis ætlað svara áætluðum áhuga almennings um einkamálefni hans.

Bubbi sem þrátt fyrir allt var þekkt persóna á Íslandi mátti gera ráð fyrir því að þegar hann er um borð í bíl sínum þá geti hann notið friðhelgi einkalífs síns. Í niðurstöðu Hæstaréttar kemur eftirfarandi fram: „Þegar metnar eru þær skorður sem friðhelgi einkalífs setur tjáningarfrelsinu, sbr. 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, skiptir grundvallar-máli hvort hið birta efni, myndir eða texti, geti talist þáttur í almennri þjóðfélagsumræðu og eigi þannig erindi til almennings“.

Samkvæmt þessu staðfestir Hæstiréttur sömu viðmið og áður höfðu komið fram í máli Karólínu prinsessu fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu. Í málinu var því talið að fjölmiðillinn hafi brotið gegn friðhelgi hans ásamt því að ærumeiðandi aðdróttanir höfðu átt sér stað með birtingu mynda og fyrirsagnar á forsíðu blaðsins. Var ritstjórinn sektaður.

10. Á að breyta efni ákvæðanna og færa þau nær aðferðafræði Mannréttindadómstóls Evrópu, sem eru:

- Er um tjáningu að ræða sem nýtur verndar?
- Var frelsi til þeirrar tjáningar skert?
- Var heimild til skerðingar í lögum?
- Var lögmaett markmið að baki skerðingar?
- Var skerðing nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi?

Ekki sýnilegt að dómstólar hér á landi fari eftir aðferðafræði dómaframkvæmdar Mannréttindadómstóls Evrópu í dómum sínum. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur gagnrýnt íslenska dómstóla fyrir að beita ekki viðurkenndri greiningaðferð í rökstuðningum sínum.

Svigrúm til mats (e. the margin of appreciation doctrine)

Þar spurning hvort að efnisákvæði almennu hegningarlagna séu orðin úrlegt. Útbreiðsla ummæla er algjörlega úr takti því sem kveðið er á um í lögnum og því sem gerist í framkvæmd.

Aðdróttunarákvæði ættu einkum að standa eftir.. Skoða vandlega um 237. gr. laganna um brigsl. Menn hafa verið dæmdir fyrir sönn ummæli. Þetta þarf að endurskoða. Refsivert þótt þetta sé satt.

234. gr. er ef til vill barns síns tíma.

Samkvæmt 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlagna má dæma þann, sem reynist sekur um ærumeiðandi aðdróttun, til þess að greiða þeim, sem misgert var við, ef hann krefst þess, hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms, atriðisorða hans eða forsendna jafnframt, eftir því sem ástæða þykir til, í opinberu blaði eða riti, einu eða fleirum. Því hefur verið haldið fram að engin dæmi séu um að verið sé að nota þessar bætur til birtingar dóms og má því velja því fyrir sér hvort þetta ákvæði eigi rétt á sér í dag.

Þá eru dæmi um að miskabætur hafi verið dæmdar þó svo að það liggja ekkert til grundvallar að miski hafi orðið, þ.e. engar sönnur eða skjöl. (Nefna dæmi um dóma Hæstaréttar).

Vandamálið er að Hæstiréttur er halda sér mun meira innan marka en MDE. Ekki mikil lögfræði í meiðyrðamálum hjá íslenskum dómstólum. Ekki að finna nein sérstaka aðferðafræði hvernig þeir komast að niðurstöðum sínum.

Klassísku ærumeiðingamálin 234.- 241. gr. alm. hgl

Laga þessi ákvæði að dómaframkvæmd MDE.

239. gr. er heimild fyrir dómstóla að fella refsing niður ef mótaðili var líka um að kenna. Hæstaréttur felldi refsingu niður vegna 239. gr. Refsing er lifandi í huga dómara.

Greinagerð íslenska ríkisins í Erlu Hlynsdóttur og Björk Eiðsdóttur. MDE spurði íslenska ríkið um hvort að dómstólarnir hafi beitt þessari aðferðarfræði. Hvernig var sjónarmiðið?

11. Er dómstólaleiðin alltaf besta leiðin? Hvað með að virkja önnur úrræði?

Er hægt að vernda æru manna með öðrum hætti en með rekstri dómsmáls? Þrátt fyrir að meiðyrðamálum sem hafa komið til kasta dómstóla hafi fjölgað á undanförunum árum hafa mál sem ratað hafa til siðanefndar Blaðamannafélags Íslands ekki fjölgað samhliða.

Í reynd hefur lítil sem ekkert reynt á stjórnarsýslufarveginn til þess að taka við svona málum. Fjölmiðlar eru ekki hrifnir af því að stjórnarsýslunefnd sé að gera eitthvað í svona málum – vilja heldur dómstólaleiðina. Því þarf að gæta þess að eftirlit og siðanefnir séu ekki að hafa kælingaráhrif á fjölmiðla heldur frekar að slíkt batterí stuðli að því að vönduð vinnubrögð séu viðhöfð og þeir sem verða fyrir brotum hafi einhver skilvirk úrræði hvað þetta varðar.

Rétt er að benda á að 26. gr. fjölmiðlagalaga, nr. 38/2011 leggur þá skyldu á fjölmiðlaveitu að hún skuli í starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og standa vörð um tjáningarfrelsi. Hún skuli virða mannréttindi og jafnrétti, og einnig friðhelgi einkalífs nema lýðræðishlutverk fjölmiðlaveitu og upplýsingaréttur almennings krefjist annars. Samkvæmt ákvæðinu eru því lagðar sérstakar skyldur á fjölmiðilinn. T.d. að hann þurfi að vanda umfjöllun sína. Engin viðurlög eru við brotum á ákvæði 26. gr. laga um fjölmiðla en fjölmiðlanefnd er heimilt að ljúka málum vegna brota á lögnum með birtingu álits.

Faglegur trúverðuleiki fjölmiðla/bláðamanna er þeim mjög mikilvægur. Það getur reynst gríðarlegur faglegur álitshnekkur að vera dæmdur fyrir meiðyrði.

Fjölmiðlamenn mættu vanda sig betur og biðjast afsökunar sem miður fór. Hins vegar er afsökunarbeiðni ekki alltaf lausn.

- Réttur til andasvara.

Samkvæmt 36. gr. fjölmiðlalaga hefur aðili sem telur að lögmætir hagsmunir sínir, einkum æra eða orðspor, hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í fjölmiðli rétt til andsvara í viðkomandi miðli eða til annarra jafngildra úrræða. Andsvör skulu birt eða þeim miðlað þegar eftir að rök hafa verið færð fyrir beiðni þar um. Birta skal andsvör óháð formi fjölmiðils þannig að eftir verði tekið. Fjölmiðlaveitu er óheimilt að óska eftir greiðslu fyrir birtingu eða miðlun andsvars. Skytt er að láta þeim sem telur á sér brotið og rétt á til andsvara skv. 1. og 2. mgr. endurgjaldslaust í té afrit af því efni sem um er að ræða. Ágreining um rétt til efnis samkvæmt þessari málsgrein má einnig bera undir fjölmiðlanefnd til ákvörðunar.

- Meiðyrði eru angi af þessum ákvæðum.
- Í raun eru þessar reglur lítið nýttar í íslenskum rétti.
- Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands – hver er virknin þar?
- eru einhver úrræði til sem kosta ekki peninga?

- Ábyrgðarreglur fjölmiðlalaga? Með tilkomu nýrra fjölmiðlalaga er horfið frá því að blaðamenn séu persónulega ábyrgir fyrir greiðslu miskabóta. (Erla Hlynsdóttir – dæmd persónulega til greiðslu miskabóta.)
- Er nóg að fá staðfestingu og afsökunarbeiðni?
- Eru það ekki helst valdhafarnir sem nýta sér dómstólaleiðina til þess að þagga umræðu tiltekins máls.
- Á aðeins að vera hægt að fara til dómstóla ef sýnt er fram fjárhagslegt tjón?
- Hugsunin er fyrst og fremst að bæta fyrir fjárhagslegt tjón og miska. Ekki sé hægt að refsast fyrir það sem þú segir

12. Hvað hefur verið gert á alþjóðlegum vettvangi?

- Skoða póstin hans Páls Þórhalls
- 19. gr. í tengslum við ærumeiðandi ummæli

Í norski löggjöf er fjallað um ærumeiðingar í 23. kafla norsku hegningarlagna (n. almindelig borgerlig straffelov) frá 1902. Í 246. gr. laganna er kveðið á um að sá sem með ólögætum hætti

13. Vernd gagnagrunna og –safna.

Er hægt að höfða meiðyrðamál og krefjast ógildingar ummæla sem birtust árið 1973 og eru núna aðgengileg í rafrænum gagnagrunni mbl.is?

- Sérstakur málshöfðunarfrestur í meiðyrðamálum?
 - Með aukinni gagnagrunns- og netvæðingu er það orðið raunhæft að “kippa greinum úr umferð” með svo til engum tilkostnaði.
 - Mikilvægt að finna jafnvægi milli verndunar sögulegra heimilda og réttarúrræða vegna ærumeiðandi tjáningar.
 - Tímamörk á skaðabótaábyrgð vegna meiðyrða?

Stýrihópurinn telur ástæðu til að skilgreina hugtakið útgáfudag þegar um er að ræða efni sem er aðgengilegt í rafrænu gagnasafni í langan tíma eftir að það varð fyrst aðgengilegt almenningi og tímabrestur í þessu sambandi til höfðunar meiðyrðamála. Þá þurfi að leggja mat á það hvort setja skuli reglur um hámark skaðabóta í slíkum málum. Sú túlkun að rafræn gagnasöfn séu gefin út í hvert sinn sem þau eru skoðuð hefur ítrekað verið misnotuð til að fjarlægja greinar úr rafrænum greinasöfnum dagblaða. Sem dæmi má nefna að breska dagblaðið Guardian fjarlægði ítrekað greinar úr safni sínu árið 2009 til að komast hjá málsóknarkostnaði. Greinarnar voru upphaflega birtar árið 2003 í tengslum við dóm yfir milljarðamæringi sem flæktur var í Elf-Aquitaine-málið svokallaða.

Þá komst Mannréttindadómstóll Evrópu árið 2009 að þeirri niðurstöðu í máli *Times* gegn *Bretlandi* sem valdið hefur óvissu fyrir útgefendur. Dómstóllinn úrskurðaði, að efni útgefið á netinu skuli teljast útgefið í hvert sinn sem lesandi skoðar það. Jafnframt taldi dómstóllinn að meiðyrðamál sem eru höfðuð talsvert löngu eftir birtingu mættu hefta tjáningarfrelsi fjölmiðla, nema við mjög sérstakar kringumstæður. Þá komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að það væri undir aðildarríkjunum komið innan hvaða tímamarka þurfi að leggja fram kæru í tengslum við meiðyrði í greinasöfnum.

Til að vernda útgefendur er mælt til þess að samhliða afnámi refsíákvæða vegna ærumeiðinga að farið verði í skilgreiningu á útgáfudegi og getið verði í lögum um hámark skaðabóta. Því má velja fyrir sér hvort það sé eðlileg þróun að miskabætur í meiðyrðamálum séu metnar hærri en í alvarlegum líkamsmeiðingarmálum? Slík dómaframkvæmd er líkleg til þess að grafa undan möguleikum fjölmiðla til þess að sinna starfi sínu í lýðræðisþjóðfélagi sem varðhundur almennings. Sem dæmi sé

tekið þá þarf samkvæmt frönskum lögum að birta stefnur á hendur útgefendum innan tveggja mánaða frá upphaflegri útgáfu verks og að hámark skaðabóta nemi jafngildi tíu þúsund evra.

Samkvæmt framangreindu er mikilvægt að finna jafnvægi milli verndunar sögulegra heimilda og skaðabótaréttar vegna meiðyrða, þ.e. jafnvægi milli kæruréttar aðila sem hefur hugsanlega beðið álitshnekki og varðveisluréttar þeirra sem stunda útgáfustarfsemi.

Stýrihópurinn telur í þessu sambandi að getið verði um tiltekinn safnfrétt í lögum gagnvart birtum greinum, þ.a. eftir tiltekinn tíma sé greinum skilað í þar til gert safn, eða bann sett við því að þær séu fjarlægðar úr safni.

- Athuga vel hvort íslenskur réttur mæli fyrir um slíkt nú þegar.
- Samkvæmt 8. gr. laga um skylduskil safna, nr. 20/2002 skal sá sem birtir verk á rafrænu formi á almennu tölvuneti veita móttökusafni aðgang að verkinu. Í ákvæðinu segir jafnframt að afhendingarskyldu telst fullnægt sé móttökusafni gert kleift að taka til sín eintak af verkinu. Þá skal Landsbókasafn varðveita verk sem birtast á rafrænu formi á neti.

14. Hvar endar ærumeiðandi ummæli og hvenær er um að ræða hatuorðræða/hatursáróður?

Er það mat stýrihópsins að ákvæði almennra hegningarlaga um hatursáróður skulu halda sér innan refsiréttarlöggjafarinnar.

Hatursorðræða/hatursáróður

Frelsi fylgir ábyrgð og umgangast þarf tjáningarfrelsið með ákveðinni virðingu. Það er viðhorfsbreyting hjá almenningi að tjáningarfrelsi þýði það þú getir sagt hvað sem þú vilt.

Svjar hafa að undanfögnu rætt um breytingar á meiðyrðalöggjöfni sinni í tengslum við hatursorðræðu á netinu og því getur verið áhugavert að sjá hvað þeir muni leggja til í þessu efni. Því er áhugavert að kanna nánar hvort þeir hafi breytt úrræðum í hegningarlögum eða í öðrum lögum í tengslum við hatursorðræðu á netinu.

Sænsk stjórnvöld hafa að undanfögnu kannað sérstaklega þær ógnir sem eiga stað í gegnum internetið og hvernig slík vandamál verði best leyst. Í því skyni hafa komið upp hugmyndir að gera breytingar á sænskum hegningarlögunum og mæla fyrir um auknar valdheimildir lögregluvalda og saksóknara um að biðja um IP tölur til að rannsaka hótanir og einelti á internetinu og auðvelda þeim að sækja mál vegna einstaklinga sem eru fórnarlömb ólögmæta hótana og ærumeiðinga á netinu. (Lækka þröskuldinn fyrir saksóknara að sækja mál vegna nethaturs).

Í tengslum við þetta vakna vitanlega spurningar tengt persónuvernd og friðhelgi einkalífs netnotenda.

15. Rökstuðningur fyrir þeirri meginútfærslu sem lögð er til.

Samkvæmt framansögðu er því lagt til að hafin verði vinna við að afnema refsíákvæði vegna ærumeiðinga í íslenskum rétti.

Norræn lagaákvæði um ærumeiðingar:

Ísland (XXV. kafli almennra hegningarlaga, nr. 19/1940)

234. gr. Hver, sem meiðir æru annars manns með móðgun í orðum eða athöfnum, og hver, sem ber slíkt út, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.

235. gr. Ef maður dróttar að öðrum manni einhverju því, sem verða myndi virðingu hans til hnekkis, eða ber slíka aðdróttun út, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 1 ári.

236. gr. Sé ærumeiðandi aðdróttun höfð í frammi eða borin út gegn betri vitund, þá varðar það fangelsi allt að 2 árum.

Sé aðdróttun birt eða borin út opinberlega, enda þótt sakaráberi hafi ekki haft sennilega ástæðu til að halda hana rétta, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

237. gr. Ef maður bregður manni brigslum án nokkurs tilefnis, þá varðar það sektum, þótt hann segi satt.

241. gr. Í meiðyrðamáli má dæma óviðurkvæmileg ummæli ómerk, ef sá krefst þess, sem misgert var við.

Dæma má þann, sem sekur reynist um ærumeiðandi aðdróttun, til þess að greiða þeim, sem misgert var við, ef hann krefst þess, hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms, atriðisorða hans eða forsendna jafnframt, eftir því sem ástæða þykir til, í opinberu blaði eða riti, einu eða fleirum.

Danmörk (Straffeloven, 27. kafli)

§ 267. Den, som krænker en andens ære ved fornærmelige ord eller handlinger eller ved at fremsætte eller udbrede sigtelser for et forhold, der er egnet til at nedsætte den fornærmede i medborgeres agtelse, straffes med bøde eller fængsel indtil 4 måneder.

§ 268. Er en sigtelse fremsat eller udbredt mod bedre vidende, eller har gerningsmanden savnet rimelig grund til at anse den for sand, straffes gerningsmanden for bagvaskelse, og den i § 267 nævnte straf kan da stige til fængsel i 2 år.

§ 269. En sigtelse er straffri, når dens sandhed bevises, såvel som når den, der i god tro fremsætter sigtelsen, har været forpligtet til at udtale sig eller har handlet til berettiget varetagelse af åbenbar almeninteresse eller af eget eller andres tarv.

Stk. 2. Straf kan bortfalde, når der oplyses omstændigheder, som gav føje til at anse sigtelsen for sand.

§ 270. Er sigtelsens fremsættelse ved sin form utilbørlig fornærmende, kan straf efter § 267 anvendes, selv om sandhedsbevis føres; det samme gælder, såfremt gerningsmanden ikke har haft rimelig anledning til at fremsætte fornærmelsen.

Stk. 2. Dersom den fornærmede alene nedlægger påstand om straf efter denne paragraf, tilstedes bevis for sigtelsens sandhed ikke ført, medmindre almene hensyn afgørende taler derfor.

§ 271. Bevis tilstedes ikke ført for en strafbar handling, for hvilken den, som sigtes, ved endelig dom i ind- eller udland er frikendt.

Stk. 2. Sandhedsbevis for en pådømt strafbar handling fritager ikke for straf, når den fornærmede henset til handlingens karakter, tidspunktet, da den blev begået, og hans forhold i øvrigt havde rimeligt krav på, at det pågældende forhold ikke nu blev fremdraget.

§ 272. Straf efter § 267 kan bortfalde, når handlingen er fremkaldt ved utilbørlig adfærd af den forurettede, eller denne har øvet gengæld mod fornærmeren.

§ 273. Er en ærefornærmende sigtelse ubeføjet, bliver der efter den fornærmedes påstand i domsslutningen at optage en bemærkning herom.

Stk. 2. Den, der dømmes for en ærefornærmende sigtelse, kan efter den fornærmedes påstand tilpligtes til ham at udrede en af retten fastsat sum til bestridelse af omkostningerne ved kundgørelse i en eller flere offentlige tidender enten af domsslutningen alene eller tillige af domsgrundene. Dette gælder, selv om dommen alene lyder på mortifikation efter bestemmelsen i stk. 1.

§ 274. Den, som fremsætter eller udbreder ærefornærmende udtalelser mod en afdød, straffes med bøde eller, hvis bagvaskelse foreligger, med fængsel indtil 4 måneder.

Stk. 2. Ærefornærmende udtalelser, der fremsættes mod nogen 20 år efter hans død, kan kun påtales, når den i § 268

	nævnte betingelse foreligger. § 275. Forbrydelserne i dette kapitel er undergivet privat påtale.
--	---

<p>Noregur (23de Kapitel. Ærekrænkelser)</p> <p>§ 246. Den som rettsstridig ved ord eller handling krenker en annens æresfølelse eller som medvirker dertil, straffes med bøter eller med fængsel inntil 6 måneder.</p> <p>§ 247. Den som i ord eller handling optrer på en måte som er egnet til å skade en annens gode navn og rykte eller til å utsette ham for hat, ringeakt eller tap av den for hans stilling eller næring fornødne tillit, eller som medvirker dertil, straffes med bøter eller med fængsel inntil 1 år. Er ærekrænkelsen forøvet i trykt skrift eller i kringkastingsending eller ellers under særdeles skjerpende omstendigheter, kan fængsel inntil 2 år anvendes.</p> <p>§ 248. Har den efter § 247 skyldige handlet mod bedre Vidende, straffes han med Fængsel indtil 3 Aar. Under særdeles formildende Omstændigheder kan Bøder anvendes.</p> <p>§ 249.</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Straff efter §§ 246 og 247 kommer ikke til anvendelse dersom det føres bevis for beskyldningens sannhet. 2. Selv om det føres sannhetsbevis som nevnt under 1, er beskyldningen straffbar dersom den er fremsatt uten at der var noen aktverdig grunn til det eller dersom den ellers er utilbørlig på grunn av formen eller måten den er fremsatt på eller av andre grunner. 3. Straff efter §§ 246 og 247 kommer ikke til anvendelse på den som har vært pliktig eller nødsaget til å uttale sig eller som har uttalt sig til berettiget varetagelse av eget eller andres tarv, dersom det godtgjøres at han i enhver henseende har vist tilbørlig aktsomhet. 4. Bevis for sannheten av en beskyldning tillates ikke ført <ol style="list-style-type: none"> a) for straffbar handling som den beskyldte er frikjent for ved endelig innenlandsk eller utenlandsk dom. b) dersom retten enstemmig finner det utvilsomt at beskyldningen er utilbørlig uansett dens sannhet og at nektelse av bevisførsel er ønskelig av hensyn til den fornærmede. Sådan bevisførsel må aldri nektes dersom påtalemyndigheten eller saksøkeren på forhånd har tilkjennegitt at der vil bli påstått straff efter § 248 eller at der bare vil bli gjort sivile krav gjeldende. 5. Når bevisførsel om sannheten av en beskyldning er nektet, er der heller ikke adgang til bevisførsel om hvorvidt tiltalte (saksøkte) har trodd eller hatt grunn til å tro på beskyldningens sannhet. <p>§ 250. Er ærekrænkelsen fremkalt av den fornærmede selv ved utilbørlig adferd eller gjengjeldt med en legemskrenkelse eller ærekrænkelse, kan straff bortfalle.</p> <p>§ 251. Forbrytelser som omhandles i dette kapitel, påtales alene av det offentlige når det begjæres av fornærmede og finnes påkrevet av almene hensyn. Påtalen kan begrenses til</p>	<p>Svíþjóð, (5 kap. Om ærekränkning)</p> <p>1 § Den som utpekar någon såsom brottslig eller klandervärd i sitt levnadssätt eller eljest lämnar uppgift som är ägnad att utsätta denne för andras missaktning, dömes för förtal till böter.</p> <p>Var han skyldig att uttala sig eller var det eljest med hänsyn till omständigheterna försvarligt att lämna uppgift i saken, och visar han att uppgiften var sann eller att han hade skäligen grund för den, skall ej dömas till ansvar.</p> <p>2 § Är brott som i 1 § sägs att anse som grovt, skall för grovt förtal dömas till böter eller fängelse i högst två år.</p> <p>Vid bedömande huruvida brottet är grovt skall särskilt beaktas, om uppgiften genom sitt innehåll eller den omfattning i vilken den blivit spridd eller eljest var ägnad att medföra allvarlig skada.</p> <p>3 § Den som smädar annan genom kränkande tillmäle eller beskyllning eller genom annat skymfligt beteende mot honom, dömes, om gärningen ej är belagd med straff enligt 1 eller 2 §, för förolämpning till böter.</p> <p>Är brottet grovt, dömes till böter eller fängelse i högst sex månader.</p> <p>4 § Förtal av avliden skall medföra ansvar enligt 1 eller 2 §, om gärningen är sårande för de efterlevande eller den eljest, med beaktande av den tid som förflutit sedan den avlidne var i livet samt omständigheterna i övrigt, kan anses kränka den frid, som bör tillkomma den avlidne.</p> <p>5 § Brott som avses i 1-3 §§ får inte åtalas av annan än målsägande. Om brottet riktar sig mot någon som är under arton år eller om i annat fall målsäganden anger brottet till åtal, får åklagaren väcka åtal om detta av särskilda skäl anses påkallat från allmän synpunkt och åtalet avser</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. förtal och grovt förtal, 2. förolämpning mot någon i eller för hans eller hennes myndighetsutövning, 3. förolämpning mot någon med anspelning på hans eller hennes ras, hudfärg, nationella eller etniska ursprung eller trosbekännelse, eller 4. förolämpning mot någon med anspelning på hans eller hennes sexuella läggning. <p>Har förtal riktats mot avliden, får åtal väckas av den avlidnes efterlevande make, bröstarvinge, förälder eller syskon samt, om åtal av särskilda skäl anses påkallat från allmän synpunkt, av åklagare.</p> <p>Innebär brott som avses i 1-3 §§, att någon genom att förgripa sig på en främmande makts statsöverhuvud som vistas i Sverige eller på en främmande makts representant i Sverige har kränkt den främmande makten, får brottet åtalas av åklagare utan hinder av vad som föreskrivs i första stycket. Åtal får dock inte ske utan förordnande av regeringen eller den regeringen har bemyndigat därtill.</p>
---	--

bare å gjelde påstand om at ærekrenkelsen skal erklæres for død og maktesløs (jfr. § 253).

Det offentlige kan dog uten begjæring av noen fornærmet påtale en ærekrenkelse, som er rettet mot en ubestemt krets eller et større antall personer, når det finnes påkrevet av almene hensyn.

Det samme gjelder når ærekrenkelsen er forøvet mot noen under utførelsen av offentlig tjeneste eller i anledning av tjenestehandling, eller når noen som enten er eller på den tid det handles om, var offentlig tjenestemann, beskyldes for en handling eller et forhold som kunde pådra ham straff eller tjenestens tap.

ATH Rétt er að geta þess að í norsku hegningarlögunum frá 2005 er mælt fyrir um afnám refsingar vegna ærumeiðinga. Lögin hafa hins vegar ekki tekið gildi nema að mjög takmörkuðu leyti. Hér er að finna greinargerð vegna frumvarp þess sem varð að framangreindum lögum: <http://www.regjeringen.no/nb/dep/jd/dok/regpubl/otprp/2008-2009/otprp-nr-22-2008-2009-/5/14/2.html?id=540415>